

# Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um skráningu Íslandsmeta

Íslandsmet er eingöngu hægt að setja á meistaramótum svo og á alþjóðamótum eða landsmeistaramótum erlendra aðildarsambanda undir lögsögu IPF þar sem keppandi tekur þátt með leyfi KRAFT.

Íslandsmet eru skráð í hverjum aldursflokki og þyngdarflokki karla og kvenna í eftirfarandi greinum: hnébeygju, bekkpressu, réttstöðulyftu, samanlögðum árangri, bekkpressumótsmet í bekkpressu, réttstöðumótsmet í réttstöðulyftu.

Gerður er greinarmunur á metum settum með eða án búnaðar og eru þau síðarnefndu nefnd klassísk met.

Íslandsmet með búnaði skal setja á mótum þar sem keppt er með búnaði. Klassísk met skal setja á mótum þar sem keppt er án búnaðar.

Ekki er hægt að setja klassísk met á búnaðarmóti jafnvel þó keppt sé án búnaðar. Sömuleiðis er ekki hægt að setja búnaðarmet á klassísku móti jafnvel þó lyft sé yfir gildandi meti með búnaði.

Keppnisráskýrslu undirritaða af dómurum og ritara skal senda stjórn KRAFT innan tveggja vikna frá því að met var sett. Uppfærður metalisti skal aðgengilegur á [kraft.is](http://kraft.is)

Eingöngu íslenskir ríkisborgarar geta sett Íslandsmet.

Hafi keppandi fengið dóm vegna brots gegn lyfjalögum falla met sem hann hefur sett sjálfkrafa úr gildi, óháð því hvenær þau voru sett.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 19.ágúst 2015